

Wood Oil

Flügger Wood Tex Wood Oil viðarolía er vörulína sem samanstendur af ýmiss konar vörum til olíumeðhöndlunar á við utanhúss. Olían ver yfirborð viðarins, en dregur um leið fram byggingu viðarins og æðamynstur.

Vörulýsing

Vatnsþynnt viðarolía sem hrindir frá sér vatni. Viðarolía með litarefni veitir bestu vörnina gegn skaðlegum útfjólubláum geislum frá sólinni. Hamlar vexti myglu og sveppagrodurs á yfirborði lokaumferdar.

- Gerir byggingu viðarins og æðamynstur sýnilegri
- Vatnsfráhrindandi yfirborð
- Vatnsþynnt viðarolía



Notkunarmöguleikar

Fyrir viðarpalla og -girðingar og garðhúsgögn.
Fyrir ljósar og dökkar, veðurþolnar viðartegundir og gagnvarinn við.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar. Efnið má ekki nota á undirlag sem hefur verið lakkað, málað eða meðhöndlað með þekjandi viðarvörn. Forðast ætti þverskorinn við með ófullnægjandi vernd, vatnsgildrur eða mögulega uppsöfnun vatns. Rakahlutfall í viðri fyrir málun má að hámarki vera: 18 %.

Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn og trosnaðar viðartrefjar er fjarlæggt með hreinsun og slípun. Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens. Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green. Ójöfnur á yfirborðsfletinum skal þússa þar til flöturinn er sléttur.

Notkun

Berið á með pensli eða rúllu og látið smjúga vel inn í viðinn. Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit. Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt. Endurtakið meðhöndlun þar til viðurinn hefur mettast og hefur einsleita áferð, án þess að lakklag hafi myndast. Viðarolía er strokin af. Forðast verður alla rakapéttingu. Forðist að vinna í beinu sólarljósi. Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða. Hærrí lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann. Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og útlit.

Væntanleg útkoma

Litlaus eða gagnsæ. Áætluð ending er 1 ár. Yfirborðsþolið fer eftir gæðum viðarins, byggingu viðarins, aðferðum við meðhöndlun og váhrifum. Endingartími kann því að vera skemmri eða lengri en gefið er upp. Litlaus meðhöndlun minnkar endingu.

Þrif og viðhald

Hreinsaðu yfirborðið og gerðu við skemmdir einu sinni á ári eða eftir þörfum. Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens. Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri. Gerið viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð. Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

Viðbótar upplýsingar

Skráð í gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Tréolía
Eðlisþyngd (kg/l)	1.01
Þurrefnisinnihald vigt %	22
Þurrefnisinnihald rúmmál %	21
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	6
Long spreading rate (m ² /l)	10
Short Spreading rate (m ² /l)	4
Lág. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Loftraki	Hámarks loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	6
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	24
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Má ekki þynna
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

febrúar 2023

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

maí 2022

